

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968:

1. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar á bátabryggjunni og sementsbryggju.
2. Garðabraut ásamt framhaldi hennar að bæjarmörkum er aðalbraut.
3. Einstefnuakstur verður framvegis á Deildartúni, akstursstefna frá Vesturgötu.
4. Einstefnuakstur verður framvegis á Sandabraut, aksturstepna frá Skagabraut.
5. Biðskylda er á eftirtöldum stöðum:
 - a. Á Esjubraut við Þjóðbraut.
 - b. Á Vallholti við Vogabraut.
 - c. Á Hjarðarholti við Vogabraut.
 - d. Á Vogabraut við Esjubraut.
 - e. Á Heiðarbraut við Háholt.
 - f. Á Brekkubraut við Háholt.
 - g. Á Laugarbraut við Akurgerði.
 - h. Á Heiðarbraut við Akurgerði.

Umferðarmerki verða sett upp á viðkomandi stöðum.

Lögreglustjórnin á Akranesi, 2. júní 1970.

Jónas Thoroddsen.

11. júní 1970.

Nr. 126.

AUGLÝSING

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1970.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, getur ráðherra, samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið.

Fiskifélag Íslands hefur leitað álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Í samræmi við ákvæði téðra laga og athuganir Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að leyfi til dragnótaveiða skuli veitt frá og með 15. þessa mánaðar á eftirgreindum svæðum:

- I. Milli lína, sem hugsast dregnar réttvísandi um Bjarnarey sunnan Vopnafjarðar og réttvísandi norðaustur frá Kögri sunnan Héraðsflóa.
- II. Milli línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur úr Álftavíkurfjalli (Álftavíkurtanga) að línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur úr Gvendarnesi, sunnan Fáskrúðsfjarðar. Þó skulu veiðar óheimilar innan línu, sem hugsast